

Nð.

520. Breytingartillögur

við frv. til laga um bann gegn dragnótaveiði i landhelgi og við breytingartillögu á þingskj. 481.

Frá Jóhanni P. Jósefssyni og Ólafi Thors.

1. Við brtt. 481,1. Á eftir orðinu »bannaðar« í fyrri málsgrein komi: á tímabilinu frá 1. janúar til 31. ágúst og frá 1.—31. desember ár hvert.
2. Á eftir 8. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú berst atvinnumálaráðuneytinu krafa um frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en i 1. gr. segir, og skal því þá heimilt að setja ákvæði um það, en leita skal ráðuneytið þó áður en ákvörðun er tekin í málinu á lits hlutaðeigandi hreppsnefndar og stjórnar Fiskifjelags Íslands.

Ákvæði þau, er ráðuneytið setur i þessum efnum, hafa lagagildi, og skulu þau birt almenningi bið bráðasta og jafnframt greind takmörk á svæði því, er þau ná til.

Fyrir brot gegn ákvæðum ráðuneytisins skulu sektarákvæði og viðurlög öll hin sömu sem segir í lögum þessum.

3. Við 9. gr. frv. Í stað orðanna »og þau ákvæði samkvæmt þeim« komi: Þó skulu ákvæði þau um bann gegn dragnótaveiði, sem sett hafa verið samkvæmt þeim lögum, vera i gildi áfram.